

Foreldrahandbók



virðing- heilbrigði - gleði

Kæra leikskólabarn og fjölskylda,

velkomin í Fífuborg. Við erum ánægð að fá ykkur í hópinn okkar og vonum að ykkur öllum eigi eftir að líða vel hér.

Það er að mörgu að hyggja þegar barn hefur leikskólagöngu. Hver leikskóli hefur sín séreinkenni og mismunandi hefðir og reglur. Það vill oft taka tíma að setja sig inn í það sem nauðsynlegt er að vita. Þess vegna útbjuggum við þennan bækling sem inniheldur helstu upplýsingar um Fífuborg sem gott er að kynna sér áður en þið komið í fyrstu heimsóknina til okkar. Einnig viljum við benda ykkur á heimasvæði leikskólans á reykjavik.is en þar er að finna ýmsar upplýsingar um starfið, meðal annars skólanámskrá.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Leikskólastjóri: Helga Arnfjörð Sigurðardóttir

helga.sigurdardottir01@reykjavik.is

Aðstoðarleikskólastjóri: Sigríður Sunna Hannesdóttir

sigridur.sunna.hannesdottir@reykjavik.is

Sérkennslustjórar og tengiliðir farsældar:

Hrund Sigurhansdóttir 50%

hrund.sigurhansdottir@reykjavik.is

Helena Rut Hannesdóttir 50%

helena.rut.hannesdottir@reykjavik.is

Leikskólinn Fífuborg stendur við Fífurima 13 í Reykjavík. Hann tók formlega til starfa 18. janúar 1993. Í upphafi var skólinn þriggja deilda en árið 1997 var byggt við skólann og eru nú fjórar deildir starfandi innan hans. Þær heita: **Ljósheimar, Álfheimar, Dvergheimar og Hulduheimar.** Í leikskólanum dvelja 68 börn samtímis.

Leikskólinn er staðsettur í Rimahverfi, Grafarvogi. Í næsta nágrenni skólans er grenndarsvæði hans, Hallsholt. Þar er öðruvísi gróður en á leikskólalóðinni og mikið af stórum steinum. Það er vinsæll áfangastaður í gönguferðum barnanna og mikið nýtt í útikennslu og frjálsum leik. Margar hefðir eru inngrónar í menningu skólans eins og þorablót á bóndadaginn, þjóðhátíðarfræðsla og sumarahátíð. Einnig höldum við foreldraskemmtun fyrir jólin, útskrift elstu barna að vori og sýningu á hverri deild þar sem afrakstur könnunaraðferðarinnar ásamt öðru er sýndur.

Rekstur og stjórnun leikskólans Fífuborgar fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og þá stefnu sem þar er mótuð. Leiðarljós í þeirri stefnu er að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Leikskólinn sækir einnig þjónustu til þjónustumiðstöðvar Austur.

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri hans. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er fagstjóri Austurmiðstöðvar.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun starfs og rekstur innan leikskólans.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Hann sér um tengsl við Austurmiðstöð um þau mál er varða sérkennslu. Sérkennslustjóri er einnig tengiliður farsældar og geta foreldrar leitað til hans vegna barna sinna. Nánari upplýsingar um farsældarlögin og þjónustu eru á heimasíðunni farsaeldbarna.is.

Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi og skipulagi á deild og á barnahópnum sem þar er hverju sinni. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfi á deildum.

Matartíminn þjónustar börnin í Fífuborg með mat, þ.e. hráefni og starfsmann í eldhús.

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskyldan helst þó starfsmenn láti af starfi.

Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki fyrir utan leikskólann málefni þeirra. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur samheldni innan leikskólans.

Foreldrasamstarf

Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa annast það frá fæðingu og fylgst með þroska þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi. Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla.

Áður en barn byrjar boðar leikskólastjóri foreldra í leikskólann án barns. Oftast er um hópfund nýrra foreldra að ræða en einstaka sinnum einstaklingsviðtal við viðkomandi foreldra.

Leikskólastjóri kynnir leikskólastarfið, námskrá leikskólans, auk þess sem hann afhendir ýmis gögn og gengið er frá dvalarsamningi. Á fundinum hitta foreldrar væntanlegan deildarstjóra barnsins.

Aðlögun

Í Fífuborg er stuðst við þátttökuaðlögun þegar börn byrja í leikskólanum. Eins og heitið ber með sér er hér átt við aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í starfi leikskólans á aðlögunartímanum. Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru með þeim allan tímann (nema þegar þau sofa). Miðað er við að þeir dvelji með börnum sínum í þrjá daga. Á fjórða degi kveðja börnin foreldra sína að morgni og eru allan daginn í leikskólanum.

Kostir þessa forms aðlögunar eru þeir að þarna gefst starfsfólki tækifæri til að læra af foreldrum um hverjar eru venjur barnsins þeirra. Einnig verða foreldrar öruggari ef þeir vita af barninu sínu í öruggum höndum einhvers sem þeir hafa myndað tengsl við. Öruggir foreldrar = örugg börn.

Að sjálfsögðu er tekið mið af hverjum einstakling í aðlöguninni og getur því stundum þurft að lengja hana.

Aðlögunin í Fífuborg fer fram á eftirfarandi hátt:

Dagur 1: Barn og foreldri dvelja í leikskólanum kl. 08.30-12.30

Dagur 2: Barn og foreldri dvelja í leikskólanum kl. 08.30-14.30 (eða þar til barnið vaknar ef það sefur)

Dagur 3: Barn og foreldri dvelja í leikskólanum kl. 08.30-15.30

Þegar aðlögun er lokið er mikilvægt að foreldri taki sér ekki of langan tíma til að kveðja barnið og passi að sýna engin merki um að þetta sé erfitt fyrir það sjálft. Kveðja og heilsa glaðlega og án óþarfa útskýringa og málalenginga. Gott er ef fólk hefur tök á að sækja börnin sín fyrr fyrstu dagana eftir að aðlögun líkur.

Nokkur mikilvæg atriði:

- Það er farið út alla daga aðlögunarinnar og því þarf að koma með útiföt (fyrir barnið og foreldra).
- Ef barnið notar snuð, bangsa eða annað þegar það sefur þá þarf að muna að koma með það í leikskólann. Einnig þarf að koma með koddar og teppi.
- Koma þarf með bleysjur og blautklúta.
- Við matarborðið og í söng/sögustundum er ætlast til að börnin sitji kyrr. Það er ekki leyfilegt að fara að leika sér á þeim tíma eða vera að rápa um ☺

- Í þátttökuaðlögun er mikilvægt að gefa barninu óskipta athygli og því biðjum við foreldra að stilla símanotkun í hóf. Það sýnir líka virðingu fyrir starfinu.
- Vinsamlegast hafið í huga að innan leikskólans ríkir trúnaður um það sem þar fer fram og á það einnig við um foreldra sem taka þátt í aðlögun.

Þegar barn flyst á milli deilda

Deildarstjóri sem barnið hefur verið hjá tilkynnir foreldrum væntanlegan flutning og skipuleggur aðlögun barnsins á nýja deild í samvinnu við viðkomandi deildarstjóra.

Dagleg samskipti.

Deildarstjóri er ábyrgur fyrir upplýsingamiðlun og tengslum við foreldra.

Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem helst hefur drifið á daga barnsins í leikskólanum og starfsfólk þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans. Því er lögð áhersla á gagnkvæm samskipti. Gæta þarf þess samt að ræða ekki um börnin þannig að þau heyri.

Í fataklefa eru ýmis skilaboð hengd upp eða á upplýsingatöflur sem eru á hurðum allra deilda.

Foreldrum eru ekki gefnar upplýsingar um annarra manna börn enda er starfsfólk bundið þagnarheiti um þá vitneskju sem það öðlast um börn, foreldra og samstarfsfólk.

Foreldraviðtöl

Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar á ári. Í viðtölunum er farið yfir líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og þarfir. Leitast er við að

fá fram viðhorf foreldra. Foreldrar eru hvattir til að biðja um viðtal hvenær sem þurfa þykir.

Foreldrafundir.

Á hverju hausti eru foreldrar boðaðir til fundar í leikskólanum. Á fundinum er foreldrum kynnt fyrirhugað starf vetrarins og hvað lagt er til grundvallar.

Tölvupóstur og Vala.is

Þar sem flestir foreldrar eru með netföng þá er tölvupóstur notaður talsvert til að koma skilaboðum áleiðis. Einnig geta foreldrar notað tölvupóstinn til að koma skilaboðum í leikskólann t.d. vegna veikinda. Ef tölvupóstur berst ekki til viðkomandi eru þeir beðnir um að láta vita af því og eins ef netföng og símanúmer breytast. Foreldrar geta sjálfir breytt netföngum og símanúmerum á Vala.is.

Deildarstjórar senda að jafnaði fréttir einu sinni í viku með tölvupósti með upplýsingum um hvað fram hefur farið í leikskólanum síðastliðna viku ásamt ýmsum upplýsingum sem viðkoma starfinu.

Við notum einnig appið *Vala* en þar koma inn ýmsar upplýsingar t.d. matseðill, myndir úr starfinu og hvað er á döfinni í hverjum mánuði fyrir sig.

Einnig er hægt að tilkynna um forföll og senda skilaboð í Völuappinu. Við biðjum foreldra um að ná sér í þetta app.

Foreldraskemmtanir

Sú hefð hefur skapast að bjóða foreldrum á skemmtun í leikskólanum í desember og í heimsókn í tengslum við könnunaraðferðina. Þessar heimsóknir eru einu sinni til tvisvar yfir veturinn. Þessar heimsóknir gefa foreldrum tækifæri til að kynnast

starfinu með börnunum. Foreldrum elstu barna leikskólans er boðið í útskrift barna sinna að vori.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið Fífan er starfandi hér í leikskólanum. Í stjórn þess sitja a.m.k. fjórir fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir t.d. fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrasjóðs.

Foreldraráð

Við leikskólann starfar foreldraráð. Í ráðinu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og a.m.k. þrír fulltrúar foreldra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðili um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið.

Dagskipulag

Daglegt líf í leikskólanum markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Á ákveðnum tíma matast börnin, þvo sér og hvílast.

Í dagskipulaginu ríkir jafnvægi á milli mismunandi þátta: frjálsra og skipulagðra leikja; innileikja og útileikja; félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa starfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka á móti hverju barni þannig að það finni sig velkominn í leikskólann. Á sama hátt eru börnin kvædd í lok dags og þökkuð samveran. Það eru vinsamleg tilmæli að börnunum sé alltaf fylgt inn á deild þegar þau koma í leikskólann þar sem starfsmenn

taka á móti þeim og víst er að þau eru komin í öruggar hendur. Á sama hátt er nauðsynlegt að láta starfsmenn deildar vita þegar börnin eru sótt. Klukkan 9:30 byrjar skipulagt starf með samverustund og við mælumst til að börnin séu mætt þá. Það er gott að mæta stundvíslega svo maður missi ekki af einhverju skemmtilegu og svo er líka leiðinlegt að koma þegar allir vinirnir eru byrjaðir í leik. Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega í leikskólann eru ánægð og örugg og líður þar af leiðandi vel.

Dagskipulag Fífuborgar	
07.30-08.00	Leikskólinn opnar. Tekið á móti börnum á Ljósheimum.
08.00-09.35	Morgunverður frá kl 8.00 til kl. 08.50 og frjáls leikur eftir það.
09.35-10.10	Samverustundir og ávaxtatími. Á föstudögum hittast allir í sal í vinastund og syngja saman.
10.10-11.30	Hópastarf, útivera, gönguferðir eða deildarvinna.
11.30-12.00	Hádegisverður undirbúinn, salernisferðir, umsjónarmaður leggur á borð ásamt starfsmanni.
12.00-13.30	Hádegisverður. Hvíld hjá yngri börnum og sögustund hjá eldri börnum.
13.30-14.40	Á eldri deildum er útivera og á yngri deildum er róleg stund og frjáls leikur.

14.40- 15.00	Kaffitími undirbúinn, salernisferðir, umsjónarmaður leggur á borð ásamt starfsmanni á yngri deildum.
14.50- 15.20	Kaffitími. Á eldri deildum er flæði sem þýðir að börnin skiptast á að koma og borða og leika í frjálsum leik.
15.30- 16.30	Frjáls leikur og leikskólinn lokar kl. 16:30

Matmálstímar

Lögð er áhersla á að fylgja stefnu manneldisráðs um hollt mataræði og halda t.d. sykri, salti og unnum kjötvörum í lágmarki. Við matarborðið er reynt að skapa rólega stund með uppbyggilegum samræðum þar sem börnin eru í brennidepli. Börnin eru hvött til sjálfs-
hjálp af hlýju og áhuga og áhersla lögð á að þau temji sér almenna borðsiði og hollar neysluvenjur um leið og þau venjast því að borða almennan mat.

Við matarborðið leggjum við áherslu á að börnin biðji um að þeim sé rétt það sem þau vantar og noti heilar setningar. Þegar börnin verða eldri skammta þau sér sjálf á diskana, hella í glösin og smyrja brauðið sitt. Lögð er áhersla á að þau ljúki við það sem þau fá sér.

Börnin skiptast á að taka þátt í að undirbúa matmálstímana með því að leggja á borð og sækja fram það sem vantar.

Matseðilinn er aðgengilegur í Völu appinu og á heimasíðu matartímans, matartíminn.is.

Það er nokkuð langur tími frá morgunverði fram að hádegisverði fyrir þau börn sem koma snemma í leikskólann eða þau sem eru

lystarlaus að morgni. Þess vegna eru börnunum boðnir ávaxtabitar kl. 09:50 áður en þau fara til leikja eða í annað skipulagt starf.

Samverustundir

Alla daga vikunnar fara börnin í samverustundir. Efni stundanna er gjarnan tengt þeim áherslum sem verið er að vinna að í hverju sinni, s.s. þemavinnu/könnunaraðferð, Ellu umhverfisdúkkum o.fl. Einnig fer þar fram söngur, leikir eða hvað það sem börnunum liggur á hjarta. Einnig fer þar fram heilmikil málörvun (Sjá [Læsisáætlun Fífuborgar](#)). Á föstudögum er vinastund. Þá koma öll börnin í leikskólanum saman í sal ásamt starfsfólki og syngja.

Hagnýt atriði

Vistunartími

Gerður er vistunarsamningur dvalartíma barns í leikskólanum. Sá dvalartími sem er í vistunarsamningi er sá tími sem barnið getur dvalið í leikskólanum dag hvern. Leikskólinn opnar fyrir móttöku fyrstu barna klukkan 7:30. Á sama hátt lokar leikskólinn klukkan 16:30 og þá eiga síðustu börn að vera farin heim þar sem vinnutíma starfsmanna er þar með lokið. Foreldrar eru minntir á mikilvægi þess að virða umsaminn dvalartíma barna sinna.

Komi í ljós að breyta þurfi um dvalartíma þurfa foreldrar að óska eftir því á Vala.is eða í Völu appinu. Breytingar á dvalartíma þarf að gera með eins mánaðar fyrirvara og miðast við 15. hvers mánaðar eða mánaðarmót. Uppsögn á leikskólalássi þarf að gera skriflega með eins mánaðar fyrirvara og miðast við 15. hvers mánaðar eða mánaðarmót.

Vinsamlegast virðið það við börnin ykkar að þau komi ekki of seint í sögustund, hópastarf eða skipulagt starf. Einnig að börnin séu ekki fram yfir þann vistunartíma sem samið er um.

Vinsamlegast virðið leiksvæði barnanna og farið úr útiskóm.

Afmælisdagur barnsins

Þegar afmæli er mega börnin koma með ávexti eða grænmeti til að bjóða deildinni sinni. Hver deild sér svo um að gera daginn eftirminnilegan fyrir barnið. Það fær að gera kórónu, vera umsjónarmaður, velja sér afmælisdisk og glas og fleira. Á föstudögum í vinastund er svo sungið fyrir þau börn sem hafa átt afmæli í vikunni.

Breytingar á högum

Foreldrar eru beðnir að tilkynna til leikskóla breytingar á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer á Vala.is eða í Völu appinu. Einnig þarf að tilkynna breytta hjúskaparstöðu. Það er afar mikilvægt að rétt símanúmer séu skráð ef að ná þarf í foreldra. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra eða leikskólastjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.

Börn að sækja börn

Það eru tilmæli frá Reykjavíkurborg að börn undir tólf ára aldri sæki ekki börn í leikskólann. Foreldrar eru beðnir að virða þessi tilmæli eins og kostur er og hafa samband við deildarstjóra ef bregða þarf út af þessum tilmælum. Börn fara ekki heim í lok dags með öðrum börnum í leikskólanum og foreldrum þeirra nema leikskólanum hafi verið tilkynnt um það af hálfu viðkomandi foreldris.

Útiföt og aukaföt

Það er að ýmsu að huga varðandi klæðnað og annan útbúnað sem börnin þurfa daglega að hafa með sér í leikskólann. Passa þarf uppá að allt sé greinilega merkt með nafni barnsins. Öll börn fá kassa fyrir ofan hólfi þeirra og í þeim eru geymd aukaföt og annað sem tilheyrir þeim. Börnin þurfa að hafa til staðar útiföt fyrir allar gerðir veðurs. Gott er að fara reglulega yfir kassana og að sjálfsögðu að bæta í þá eftir þörfum. Leikskólinn á takmarkað magn af lánsfötum og því verður hringt í foreldra ef það vantar föt.

Útiföt	Aukaföt
Húfa	Nærbuxur (2x)
Vettlingar (2x)	Sokkar (2x)
Stígvél	Buxur
Strigaskór /Kuldaskór	Peysa
Ullarsokkar (ef við á)	Nærbolur
Hlý peysa	Sokkabuxur (ef við á)
Pollabuxur og pollajakki	
Úlpa og snjógalli þegar þarf	

Áríðandi er að merkja allan fatnað barnanna, sérstaklega með tilliti til þess að fataklefi er sameiginlegur fyrir allar deildir og ómögulegt er fyrir starfsfólk að þekkja öll fötin.

Athugið að taka þarf allan fatnað heim um helgar sem hangir í hólfum barnanna en það sem er í kössum má vera.

Leikföng að heiman

Í Fífaborg er mikið af leikföngum og nóg handa öllum börnum. Því biðjum við um að leikföng séu geymd heima. Einu sinni að vetri eru hvert barn „Barn vikunnar“ og þá fá þau að koma með hluti að heiman til að sýna. Komi barn með leikfang, geisladisk eða bók í leikskólann er það á ábyrgð foreldra og leikskólinn bætir ekki það tjón sem getur orðið á þessum munum í stórum barnahópi.

Veikindi barna

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum og er gert ráð fyrir því að þau taki þátt í öllu starfi leikskólans. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni. Útiveru er ekki sleppt nema í undantekningartilvikum. Í leikskóla er alltaf meiri hætta á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma. Ef barn veikist og fær hita þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Fáir barn smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitssemi við önnur börn. Ef barn veikist í leikskólanum er hringt í foreldra því er mjög mikilvægt að við höfum rétt símanúmer. Ef barn er fjarverandi samfellt í mánuð vegna veikinda er hægt að óska eftir niðurfellingu á gjaldi um helming en framvísa þarf læknavottorði.

Mikilvægt er að tilkynna til leikskóla ef barn er fjarverandi hvort sem það er vegna veikinda eða í fríi o.fl.

Lyfjagjöf á leikskólatíma

Sú meginregla gildir í leikskólum Reykjavíkurborgar að lyf eru ekki gefin í leikskólanum heldur er mælt til að lyfjagjöf sé skipulögð þannig að gefa megí lyf eingöngu heima fyrir. Í einstaka tilfellum getur þó verið nauðsynlegt að haga lyfjagjöf með öðrum hætti og

biðjum við foreldra um að hafa samráð við deildarstjóra ef svo háttar.

Óhöpp – slys

Leikskólinn er ábyrgur fyrir barninu þann tíma sem það dvelur í leikskólanum. Verði barn fyrir óhappi eða slysi hefur leikskólinn samband við foreldra til að láta þá vita og gefa þeim kost á að fara með barn sitt á slysastofu ef með þarf. Því er afar mikilvægt að rétt símanúmer séu skráð í rafrænni Reykjavík. Öll slík óhöpp eða slys eru tilkynnt foreldrum og skráð á sérstök eyðublöð á leikskólanum.

Leikskólinn lokaður

Sex skipulagsdagar eru í leikskólanum á skólaárinu og þá daga er leikskólinn lokaður. Þessa daga nýtir starfsfólkið til skipulagningar, endurmats og undirbúnings starfsins. Dagsetningar koma fram í skóladagatali ár hvert og því auglýstar með góðum fyrirvara. Sumarlokun Fífuþorgar er ákveðin ár hvert af stjórnendum leikskólans í samráði við foreldra og starfsfólk.

Barn vikunnar

Öll börn eru valin einu sinni að vetri til að vera barn vikunnar. Þetta verkefni er hugsað sem tenging milli heimilis og leikskóla. Við fáum að kynnast heimamenningu allra barnanna hvort sem þau koma frá öðru landi, dreifbýlinu eða Reykjavík.

Börnin fá að vita í vinstund á föstudegi hverjir verða *börn vikunnar* næstu viku. Þau fá afhentar dúkkur en hver deild á sína vinadúkk. Dúkkan fer heim með þeim yfir helgina ásamt upplýsingum um hvað felst því að vera barn vikunnar. Foreldrar eru beðnir um að senda tölvupóst um hvað var gert þessa helgi ásamt öðrum upplýsingum og jafnvel myndum. Þessi helgarheimsókn á ekki að kosta neitt aukalega.

Mánudagur: Leikskólakennarinn les upp úr dagbókinni og barnið segir frá viðburðum helgarinnar hjá því og vinadúkkunni

Þriðjudagur: Barnið velur lög til þess að syngja í samverustund og má koma með geisladisk að heiman.

Miðvikudagur : Barnið kemur með einn hlut að heiman sem það segir frá í samverustund. Þetta getur t.d. verið uppáhaldsleikfang eða eitthvað annað.

Fimmtudagur: Barnið kemur með eina bók að heiman og hún er lesin í sögustund

Föstudagur: Sungið vinalag fyrir öll börn vikunnar í vinastund

Foreldrar eru ávallt velkomnir í Fífuborg til að fylgjast með því sem fram fer eða til að ræða einhverja þætti í starfseminni.

Gott leikskólauppleði byggir á samvinnu foreldra og starfsmanna.

Agastefna Fífuborgar

Virðing, heilbrigði og gleði

- Skýr fyrirmæli og reglur unnar í samráði við börnin
- Virk hlustun, viðurkennum tilfinningar barna og hjálpum þeim að skilja þær

- Veitum endurtekinni óæskilegri hegðun ekki athygli en við hrósum fyrir æskilega hegðun
- Bjóða börnunum val
- Hjálpum börnum að læra að setja mörk
- Börn fá annað tækifæri til að standa sig og koma aftur að hreinu borði
- Grípum barnið gott og hrósum fyrir jákvæða hegðun
- Jákvæð samskipti - 4:1

Samskipti

Börn eiga að geta treyst á sanngjörn, uppbyggileg og traust samskipti. Við sýnum hvort öðru kurteisi, bjóðum góðan daginn, kveðjum í lok dags og þökkum fyrir okkur. Aðferðir í agamálum taka mið af stefnu leikskólans varðandi samskipti almennt og mikilvægt að hinn fullorðni haldi ró sinni. Mál sem koma upp eru rædd á rólegan og yfirvegaðan hátt, gætum þess að vera ekki yfirgnæfandi eða margir að tala í einu. Börn eiga að fá tækifæri að tjá sig og það sé hlustað á þau.

Okkar markmið er að öll börn nái að ljúka deginum sátt. Þegar börn sýna neikvæða og erfiða hegðun þarf að skoða hvert tilfelli fyrir sig, hvort hegðun sé tilfallandi eða síendurtekin. Ekki er síður mikilvægt að starfsfólk skoði sig og skipulag leikskólans. Hvað hægt er að gera varðandi skipulag og umhverfi til að draga úr óæskilegri hegðun og að kröfur til barnanna séu raunhæfar. Ef farnar eru aðrar og sértækari leiðir er það kynnt fyrir öllu starfsfólki. Þegar hafa þarf afskipti af neikvæðri hegðun með viðeigandi inngrípum er mikilvægt að skoða hana með skráningu til að meta árangur. Skráning-inngrip-skráning. Ef hegðunarvandi barns er tíður og/eða alvarlegur er leitað

eftir aðstoð fagaðila frá þjónustumiðstöð í samvinnu við foreldra barnsins. Einnig geta foreldrar sóst eftir ráðgjöf

4:1 fjögur jákvæð samskipti þarf til að eyða út einum leiðréttandi samskiptum

Skýr fyrirmæli og reglur, bjóða val

Þegar fyrirmæli eru gefin er mikilvægt að gefa aðeins ein fyrirmæli í einu, að þau séu skýr og séu gefin í hæð barnanna, mikilvægt er að reyna að ná augnsambandi við þau. Orða skal fyrirmæli á jákvæðan hátt t.d. „hengdu úlpuna á snagann“ frekar en „ekki henda úlpunni á gólfíð“.

Reglur eru myndrænar, fáar og skýrar um æskilega hegðun og eru gerðar í samvinnu við börnin, þær ræddar og útskýrt er af hverju þær eru gerðar. Ákveðnar reglur eru samræmdar þar sem eru notuð sömu orð t.d. „Hendur og fætur hjá sér í samveru“. Stutt er við reglur og viðeigandi hegðun með félagshæfnisögum

Börnum líður vel þegar þau fá val, val um leikföng, mikinn eða lítinn mat o.s.frv. Einnig notum við val þegar þau sýna óæskilega hegðun „vilt þú gera þetta sjálf/ur eða fá aðstoð“. Börnin fá stuttan tíma til að velja og ef þau geta ekki valið sjálf veljum við fyrir þau.

Virk hlustun

Með því að hlusta á börnin fáum við fram sjónarmið þeirra en þau túlka orð og athafnir á annan hátt en hinir fullorðnu. Þegar við grípum inn í deilur þeirra eða þegar barn sýnir neikvæða hegðun getur verið gott að nota virka hlustun. Þegar við notum virka hlustun förum við í augnhæð barnanna og veitum því alla okkar athygli. Við gefum því merki um að við séum að hlusta til dæmis með að kinka kolli eða brosa. Við endurtökum það sem þau eru að segja og gefum

því tækifæri að klára mál sitt. Til dæmis ef barn talar um að dóttur hafi verið tekið af sér þá svarar kennari „Já tók hún bílinn af þér“.

Með virkri hlustun tekur starfsmaður við skilaboðum frá barninu og reynir að skilja hvað það er sem það vill koma á framfæri. Hann færir skilning sinn í orð og sendir til baka til barnsins en gætir að senda ekki sín eigin boð s.s. gildismat, skoðun, ráð, röksemdir, skilgreiningu eða spurningu. Starfsmaður svarar því eingöngu með því sem honum finnst skilaboð barnsins hafa merkt, hvorki meira né minna. Þegar virkri hlustun er beitt sýnir starfsmaðurinn að hann viðurkennir tilfinningar barnsins. Þannig hjálpar virk hlustun börnum við að þekkja og skilja tilfinningar sínar og að sætta sig við þær.

Hunsun, hrós og að grípa barnið gott

Þegar hunsun er beitt er jákvætt áreiti fjarlægt (þ.e. athygli frá fullorðnum). Þegar barn hefur sýnt óæskilega hegðun er hunsun beitt til að minnka líkur á að hegðun birtist aftur. Mikilvægt er að nota virka hunsun, þ.e. að veita barninu enga athygli (ath. skammir og svipbrigði eru neikvæð athygli).

Samhliða hunsun óæskilegrar hegðunar skal gæta þessa að veita hrós fyrir alla æskilega hegðun sem barnið sýnir. Hrósið er einfalt, hreinskilið og nákvæmt og sett fram með jákvæðni og brosi á þann máta að barnið skilji hvað í því felst. Því má ekki fylgja eftir með neikvæðum athugasemdum t.d. „Gott hjá þér að sitja með hendur og fætur hjá þér en af hverju gerir þú það ekki alltaf eins og hin börnin“.

Í almennum samskiptum er gott að hrós/hvatning felist í því að ræða og veita því athygli sem barnið er að gera án þess að leggja nokkurn dóm á gjörðir þess, t.d. „þú notaðir rauðan lit á húsið“ í stað „flott

mynd“ eða „segðu mér frá byggingunni þinni“ í stað „ frábært hús hjá þér“.

Í þeim tilvikum þar sem barn sýnir svo erfiða hegðun að erfitt er að tryggja öryggi barnsins eða þeirra sem eru í umhverfi þess getur verið best að fara með barnið afsíðis og hjálpa því að róa sig niður og jafnframt að kenna barninu viðeigandi færni og draga úr líkum á því að það lendi í sambærilegum aðstæðum aftur. Barnið fær tækifæri til að læra af mistökum sínum og kemur aftur að hreinu borði og fær að halda áfram og hefur þá annað tækifæri til að æfa æskilega hegðun.

Við erum sýnileg á deildinni, skimum svæðin og styrkjum æskilega hegðun þannig að fleiri börn heyra. Við sýnum verkefnum barna áhuga með einlægni og veitum þeim jákvæða athygli.

Frasarnir okkar

Vel gert

Takk fyrir að hlusta

Viltu gera þetta sjálf/ur eða viltu aðstoð?

Við göngum inni

Prófaðu að gera þetta sjálf/ur

Muna að nota inniröddina.

Viltu xxx eða xxx?

Ég heyri að þér líður illa núna

Fjölmening í Fífuborg

Málstefna

Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir

- Komið er til móts við þarfir allra barna með fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum og tækifæri sköpuð fyrir þau til að þroskast á eigin forsendum með virðingu að leiðarljósi

- Starfið í leikskólanum byggir á jafnrétti og virðingu fyrir margbreytileika og fjölbreyttum menningarheimum
- Byggt er á styrkleikum barna í öllu starfi og lögð áhersla á það sem þau eiga sameiginlegt frekar en það sem greinir þau í sundur
- Tækifæri sem gefast í leik og daglegu starfi eru nýtt til að efla íslenska málvitund og þróa tungumálið

Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi

- Áhersla er á að öll börn læri og nái árangri í íslensku þar sem hæfni í íslensku er forsenda lýðræðislegrar þátttöku og jafnréttis í íslensku samfélagi
- Borin er virðing fyrir fjölbreyttum tungumálum og leitað leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í daglegu starfi.

Foreldrasamstarf

- Starfsfólk Fífuborgar leggur sig fram um að kynnast hverju barni og fjölskyldu þess svo byggja megi nám og leik á fyrri reynslu þess og þekkingu
- Starfsfólk Fífuborgar á frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnarmiðaðar og sveigjanlegar leiðir sem byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir reynslu, viðhorfum, gildum og þekkingu hverra annarra
- Foreldrar fjöltyngdra barna eru hvattir til að viðhalda móðurmáli sínu.
- Öll börn eru studd til framfara í íslensku og foreldrar eru fræddir um málþroska og læsi.

Leiðir

Móttökuáætlun og foreldrasamstarf

- Móttaka og aðlögun
- Túlkaþjónusta
- Samskipti við foreldra, Ljáðu mér orð-myndræn orðabók, samskiptabók og/eða skráningarbók

Kennslu- og starfshættir

- Litið er á mismunandi menningu og tungumál sem auðlind.
- Stuðlað er að ríkulegu málumhverfi
- Leikefni og námsgögn endurspeglar fjölmenningu s.s. leikefni í hlutverkaleik, bækur og púsl. Myndræn skilaboð t.d. dagskipulag. Gætt er að því að skoða hvaða skilaboð leikefnið og námsefnið færa bæði sýnileg og dulin.
- Hæfniramar í íslensku eru nýttir fyrir fjöltyngd börn í leikskóla
- Einn leikskóli-mörg tungumál. Leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli er nýttur
- Notast er við gefðu 10. Aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál
- Að móta jákvætt viðhorf starfsmanna og barna til fjölmenningar

Byggt á stefnu skóla- og frístundasviðs *Heimurinn er hér 2014* um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og *Aðalnámskrá leikskóla 2011* með breytingum sem tóku gildi 1.ágúst 2021